



Ókyngreind salerni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar



Ákvörðun tekin í júlí 2018

Þann 5. júlí 2018 var samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar tillaga þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi í Borgartúni 12-14 og í ráðhúsi, yrðu gerð ókyngreind.

Tillagan byggði á áherslum Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.



22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995

Salernafjöldi.

1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.
2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:

Fjöldi starfsfólks.	Fjöldi salerna.	Fjöldi handlauga
Konur		
1-15	1	1
16-30	2	1
31-50	3	2
51-75	4	2
76-100	5	3

Síðan er eitt salerni og handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi þvagst.	Fjöldi handl.
Karlar			
1-20	1	1	1
21-30	2	1	2
31-45	2	2	2
46-60	3	2	2
61-75	3	3	3
76-90	4	3	3
91-100	4	4	4

Síðan eitt salerni, eitt þvagstæði og ein handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

3. Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að snyrtiaðstöðu skal sú aðstaða að jafnaði vera aðskilin frá snyrtiaðstöðu starfsmanna.



Vinnueftirlitið svarar fyrirspurn um túlkun á 22 gr. reglna um húsnæði

Bréf með fyrirspurn um túlkun á reglum um húsnæði vinnustaða var sent velferðarráðuneytinu þann 20. nóvember 2018.

Velferðarráðuneytið svaraði skrifstofunni þann 4. mars 2019 með bréfi dags. 20. nóvember 2018 frá Vinnueftirlitinu þar sem fram kom að um **lágmarkskilyrði væri að ræða og að hafa mætti salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karlmanna í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglnanna.**



Fulltrúi Vinnueftirlitsins kom inn á fund ráðsins

Fimmtudaginn 14. mars 2019 kom starfsmaður Vinnueftirlitisins á fund Mannréttinda- og lýðræðisráðs og hélt kynningu vegna málsins.

Ráðið skildi erindi starfsmannsins á þann hátt að þar sem salerni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar eru lokuð einstaklings salerni fæli breytingin ekki í sér brot á 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995



Fulltrúi Vinnueftirlitsins kom inn á fund ráðsins

Undir 9. lið fundargerðar má finna eftirfarandi bókun ráðsins:

*„Mannréttinda- og lýðræðisráð þakkar Birni Þór Rögnvaldssyni frá Vinnueftirlitinu fyrir komuna á fund ráðsins. Það er ljóst af skriflegu svari Vinnueftirlitsins og kynningu Björns að Reykjavíkurborg er heimilt að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, **að því gefnu að kröfu um lágmarksfjölda lokaðra salerna sé uppfyllt.** Ráðið fagnar að nú sé komin niðurstaða í málið og þannig hægt að framfylgja fyrri ákvörðun ráðsins frá 5. júlí 2018. Markmiðið er sem fyrr að vinna gegn mismunun og tryggja aðgengi allra enda eiga allir að geta blómstrað í mannréttindaborginni Reykjavík.“*



Vinnueftirlitið gerir athugasemdir

Sumarið 2019 voru teknar niður merkingar sem tákna kyn af salernum í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar í ráðhúsi og á Höfðatorgi.

Þann 14. október 2019 barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu skoðunarskýrsla frá Vinnueftirlitinu þar sem Reykjavíkurborg var gert að haga merkingum á salernum í stjórnarsýsluhúsi í Borgartúni 12-14 með þeim hætti að þau væru kynjaskipt, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Vinnueftirlitið hafði framkvæmt skoðun á salernum á Höfðatorgi í kjölfar þess að starfsmaður hafði kvartað. Salerni í ráðhúsinu voru ekki skoðuð og þess vegna var ekki fjallað um ráðhúsið í ákvörðun vinnueftirlitsins á þessu stigi málsins.



Andmæli

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sendi Vinnueftirlitinu andmæli þann 28. október.

Farið var yfir réttindi þeirra sem skilgreina kyn sitt á annan hátt en karl eða kona og hvernig þessi hópur nýtur nú verndar laga um kynrænt sjálfræði. Mikilvægt væri að túlka reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 með hliðsjón af ákvæðum nýju laganna sem jafnframt skuli ganga framar eldri reglum. Þá var bent á að ekki væri um brot á reglum um húsnæði vinnustaða að ræða þar sem lágmarksfjöldi salerna væri náð og að öll væru salernin einstaklingsrými án þvagstæða og henti því öllum óháð kyni. Að lokum var áréttað að aðgerðin var framkvæmd í góðri trú þar sem starfsmaður vinnueftirlitsins hefði komið á fund mannréttinda- og lýðræðisráðs og hefði skilningur allra viðstaddra verið sá að breytingarnar færu ekki gegn markmiðum umræddra reglna.



Svar frá Vinnueftirlitinu og kæra til ráðuneytis

Þann 17. apríl 2020 svaraði Vinnueftirlitið andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og voru fyrirmæli um kynjaskiptingu salerna ítrekuð. Í kjölfarið kærði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ákvörðun Vinnueftirlitsins til félagsmálaráðuneytisins ásamt því að óska eftir frestun réttaráhrifa.

Þann 21. september 2020 barst skjalaveri ráðhússins skoðunarskýrsla frá Vinnueftirlitinu dags. 31. ágúst 2020, þar sem fram kom að athugasemd væri gerð við að ekki væru merkingar á salernum í ráðhúsi. Skýrslan var þó send án heimsóknar þar sem “vitneskja væri um að salernin væru ekki aðgreind”.

Þar sem félagsmálaráðuneytið féllst ekki á frestun réttaráhrifa voru tímabundnar merkingar settar upp á salernum í ráðhúsi og á Höfðatorgi stuttu seinna.



Merkingar teknar niður af starfsfólki

Tímabundnu merkingarnar voru teknar niður á flestum skrifstofum í ráðhúsi og á Höfðatorgi af starfsfólki sem taldi ekki þörf á að merkja salernin sérstaklega eftir kynjum og studdu ákvörðun ráðsins. Þó vildu einhverjir hafa sérstök salerni ætluð körlum og önnur ætlum konum og héldu áfram að nota merkingarnar.

Kæran frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu lá enn fyrir hjá ráðuneytinu en þar sem sátt virtist ríkja meðal starfsfólks um að salernin væru að mestu ókyngreind var ákveðið að ekki væri þörf á að kalla eftir ákvörðun frá ráðuneytinu að svo stöddu.



Fyrspurn frá starfsmanni berst í byrjun mars 2024

Í byrjun mars 2024 barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fyrirspurn frá starfsmanni á Höfðatorgi. Þar höfðu tímabundnar merkingar ekki verið teknar niður og vildi starfsmaðurinn vita hvort að niðurstaða væri komin í málið. Í kjölfarið sendi skrifstofan fyrirspurn á félags- og vinnumarkaðsráðuneytið þar sem óskað var eftir niðurstöðu í málinu.



Úrskurður

Úrskurður ráðuneytisins barst 11. júlí 2024. Ráðuneytið staðfesti ákvörðun vinnueftirlitsins. Þar kemur m.a. fram að ráðuneytið telji orðalag reglnanna skýrt og afdráttarlaust. Ekki sé nægilegt að salerni séu einstaklingsrými svo kröfur ákvæðisins teljist uppfylltar. Þá segir jafnframt að mat ráðuneytisins sé að lög um kynrænt sjálfræði sem og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði komi ekki til skoðunar við mat á því hvort uppfylltar séu kröfur um lágmarksfjölda salerna sem skulu vera aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar skv. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.



Takk fyrir!

